

Mætt voru:

Kjartan Fr. Adólfsson (bæjarskrifstofur) – formaður

Örn Sigurðsson (Grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (Grunnskólinn)

Ólafur Sigurberg Hafsteinsson (Túngata 15-17)

Pórhildur Rut Einarsdóttir (Íþróttamiðstöð),

Baldur Pálsson (Þjónustumiðstöð).

**1. Vinnuslys.**

Rætt um hvaða verkferlum skal fylgja ef upp koma vinnuslys. Sérstaklega ef upp koma áverkafar af völdum viðskiptavina stofnanna bæjarins. Af gefnu tilefni er áréttað að ávallt skal kallað eftir áverkavottorði.

**2. Ljósleiðari.**

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi nefndarinnar um ljósleiðaramál var ítrekuð sú nauðsyn að þau mál kæmst í lag hið fyrsta, með öryggi starfsfólks og viðskiptavina í huga. Heyrst hefur að unnið sé að lausn mála og vonir standi til að þau mál verði komin í lag við upphaf skólaárs í haust

**3. Skoðunarskylda.**

**Rætt var um hvort skoðunar og eftirlitsskylda væri á loftpressum og gas/súrflöskum.**

Almennt eru þessi tæki skoðunarskyld, en hugsanlega þarf að athuga hvort því eftirliti/skoðun sé framfylgt.

**4. Námskeið hjá Vinnueftirlitinu.**

Ákveðið var að leita eftir því að gefa nefndarfólki tækifæri á að sækja námskeið í haust hjá Vinnueftirlitinu um vinnuvernd.

**5. Mæling á loftgæðum.**

Umræður sköpuðust um nauðsyn þess að mæla loftgæði í stofnunum bæjarins. En sýnt hefur verið fram á að loftgæði geta haft talsverð áhrif á lífsgæði. Rætt um að skoða hvort Grindavíkurbær ætti að eignast slíkan mæli.

**6. Vespur á skólalóð.**

Með hækkandi sól, hefur umferð „vespa“ aukist umtalsvert, ekki síst á skólalóð, með tilheyrandi slyshættu. En fram kom að skólafyrvöld hafa unnið að úrbótum, sem m.a. miða að því að takmarka umferð á skólalóð á skólatíma.

## **7. Önnur mál.**

Rætt um nauðsyn þess að boðið sé reglulega upp á skyndihjálp og kennslu á hjartastuðtæki. Einnig var áréttað að koma upp merkingum á stofnunum bæjarins þar sem hjartastuðtæki hafa verið sett upp.

**Fleira ekki gert,**

**Fundi slitið kl. 15.05.**

**Næsti fundur verður boðaður að loknum sumarleyfum.**